

**Fundargerð**  
**239. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
þriðjudaginn 4. júlí 2017 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>45</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HPH)  
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjaverandi)  
Hrefna B. Jónsdóttir (HJ) vm. (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Ársreikningur 2016
- (3) Plastumbúðir
- (4) Fundaáætlun haustsins 2017
- (5) Önnur mál

### **1. Fundargerð**

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (238. fundar).

*Samþykkt*

### **2. Ársreikningur**

Lagt var fram á fundinum innbundið og undirritað eintak af ársreikingi 2016.

### **3. Plastumbúðir**

ÓK fór yfir að blandaðar plastumbúðir frá heimilum (BPH) hafa frá hausti árs 2014 verið sendar af þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs til Swerec í Svíþjóð til flokkunar, endurvinnslu og endurnýtingar. Swerec, sem er eini samþykkti ráðstöfunaraðili Úrvinnslusjóðs á blönduðum plastumbúðum frá heimilum, hefur stöðvað móttöku á þessum plastumbúðum frá þjónustuaðilum fram á haustið 2017. Staðan er því óljós um framhald viðskipta við Swerec. ÓK fór yfir að það er nauðsynlegt að hafa fleiri en eina ráðstöfunarleið í hverjum vöruflokki. Stjórnarmenn ræddu stöðuna.

Stjórn sjóðsins hefur nokkrum sinnum rætt vanda vegna plastmengunar í hafi. GGP fór yfir helstu þætti umræðunnar. ÓK fór yfir tillögur sem norska þingið er með til umfjöllunar um vandann og hugsanlegar aðgerðir. Lögð var fram á fundinum hluti af skýrslu : Meld. St. 45 (2016-2017) Melding til Sortinget – Avfall som ressurs – avfallsplitikk og sirkulær ökonomi. Stjórnarmenn ræddu hvernig Úrvinnslusjóður gæti komið að upplýsa almenningu. Stjórnarmenn ræddu hvort betra væri að vera í samstarfi með UAR og slíkum aðilum til að hafa samhjóða skilaboð til almennings.

### **4. Fundaáætlun haustsins**

*Gerp kja*

Lögð var fram á fundinum fundaáætlun haustsins 2017, en ráðgert er að fyrsti fundur eftir sumarhlé verði þriðjudaginn 29. ágúst.

*Samþykkt*

**5. Önnur mál**

Engin

Næsti fundur ákveðinn 29. ágúst 2017.

Fundi slitið kl. 13.45

*E.G. Þ  
Kára Ólafur  
Þyndir Grunlaug/ID.*